



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi skipulagsbreytingar á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi stafræns ráðs þann 14. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 49. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. janúar 2024:

Þann 16. janúar sl. voru birtar fréttir af því að breytingar hefðu verið gerðar á 23 stöðugildum á þjónustu og nýsköpunarsviði, 12 hafi verið sagt upp og 11 samningar ekki endurnýjaðir eða ekki ráðið í lausar stöður. 1. Stendur til að fara í frekari hagræðingu og/eða skipulagsbreytingar á þjónustu og nýsköpunarsviði en kynnt hefur verið? 2. Hefur fleiri verið sagt upp til viðbótar við þessa 12? 3. Eru dæmi um fleiri tilvik þar sem samningar hafa ekki verið endurnýjaðir eða ekki ráðið í lausar stöður? 4. Hvert verður hlutverk sviðsstjóra nú þegar skrifstofa sviðsstjóra hefur verið lögð niður? Stendur til að leggja niður stafrænt ráð í tengslum við þessar skipulagsbreytingar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. febrúar 2024.

Svar:

- Sérstakar breytingar vegna hagræðingar eru ekki áformaðar að sinni en nauðsynleg þróun á starfseminni er þó alltaf til skoðunar. Sömuleiðis er aldrei útilokað að eitthvað í fjárhagslegu, ytra eða innra umhverfi kalli á einhvers konar breytingar.
- Nei, ekki á þessu ári.
- Já það hefur margoft verið gert í gegnum tíðina.
- Hlutverk sviðsstjóra er óbreytt utan að undirritaður mun sinna hluta af starfsskyldum fyrrverandi skrifstofustjóra að auki. Skipulagsbreytingar á þjónustu- og nýsköpunarsviði tengjast ekki starfsemi stafræns ráðs.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri